

Nd.

93. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 63 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum kr. 6500,00 á ári, er hækki þriðja hvert ár um 500 krónur upp í 8000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins.

Kaupgreiðslur til stýrimanna, vélstjóra, fullgildra háseta, kyndara og annara skipverja skulu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins.

Starfsmenn á varðskipunum skulu njóta sama réttar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Stýrimannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands, sem hafa sent Alþingi eftirfarandi erindi:

„Við undirritaðir leyfum okkur að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það bæti launakjör þau, er yfirmenn á varðskipunum „Óðni“, „Ægi“ og „Þór“ eiga við að búa, þannig, að þau verði í samræmi við kjör þau, er stéttarbræður þeirra hjá Eimskipafélagi Íslands og öðrum eimskipafélögum eru aðnjótandi.

Það þarf ekki að draga í efa, að þingmönnum er það ljóst, hversu margþætt starf þessara manna er orðið. Í skamindegismyrkrinu í vondum veðrum, eins og á öðrum tímum, er þeim ætlað að gæta landhelginnar, glíma við lögbrjóta — ófyrirleitna suma hverja. Þess á milli er þeim ætlað að inna af hendi allskonar aðstoð við skip og báta, jafnan þegar veðrin eru verst og því öll aðstaða hin örðugasta, auk þess sem allmjög hefir verið unnið að hjörgun og skipum bjargað við misjafna aðstöðu, oftast vonda. Öll þessi vinna útheimtir ósérplægni, dugnað og oft fórnfýsi, sem eru sjálfsagðar dyggðir yfirmanna í þjónustu hins íslenska ríkis. En jafnframt því sem þetta eru sjálfsagðar dyggðir, þá virðist oss sem hið háa Alþingi hljóti að telja það sjálfsagt að launa störf þessi svo vel, að yfirmennirnir þurfi ekki að hafa stöðugar áhyggjur út af skorti heimila sinna. Við erum þess fullvissir, að þingmönnum er það ljóst, að ósjálfrátt dregur það úr starfsþrótti og djörfung næstum hvers einasta manns, ef stöðugar áhyggjur vegna afkomu konu og harna eða gamalla foreldra eru fyrir hendi.

Við trúum því ekki heldur, að það hafi nokkru sinni verið meining hins

háa Alþingis — eða sé það nú —, að yfirmenn á strandvarnar- eða björgunarskipum hins íslenska ríkis eigi við svo lök kjör að búa, að nær undantekningarlaust hver einasti yfirmaður myndi, ef um það væri að velja, taka við stöðu á venjulegu flutningaskipi (sem nú fer fjölgandi) vegna þess mikla mismunar, sem er á kjörum þessara yfirmanna.

Eftirfarandi samanburður á kaupum yfirmanna á strandvarnarskipunum, eins og það er nú með dýrtíðaruppbót $15\frac{1}{3}\%$, og kaupum yfirmanna hjá Eimskipafélaga Íslands sýnir glögg mismuninn.

Byrjunarlaun stýrimanna og vélstjóra á varðskipum ríkisins, að viðbættu dýrtíðaruppbót $15\frac{1}{3}\%$, borin saman við byrjunarlaun stýrimanna og vélstjóra hjá Eimskipafélaga Íslands:

Varðskipin	1. stm. laun á mán. kr. 365,00,	2. stm. 308,00,	3. stm. 269,00
Eimskipafél. Ísl.	1. stm. laun á mán. kr. 460,00,	2. stm. 360,00,	3. stm. 285,00
Minna kaup á varðsk. en hjá E. Í.	1. stm. kr. 95,00,	2. stm. 52,00,	3. stm. 16,00

Varðskipin	1. vstj. laun á mán. kr. 474,00,	2. vstj. 365,00,	3. vstj. 288,00
Eimskipafél. Ísl.	1. vstj. laun á mán. kr. 609,00,	2. vstj. 498,00,	3. vstj. 386,00
Minna kaup á varðsk. en hjá E. Í.	1. vstj. kr. 135,00,	2. vstj. 133,00,	3. vstj. 98,00

Hámarkslaun stýrimanna og vélstjóra á varðskipum ríkisins, auk $15\frac{1}{3}\%$ dýrtíðaruppbótar, og hámarkslaun stýrimanna og vélstjóra hjá Eimskipafélaga Íslands, hvorttveggja miðað við starfsaldur hlutaðeigandi yfirmanns:

Varðskipin	1. stm. laun á mán. kr. 474,00,	2. stm. 346,00,	3. stm. 308,00
Eimskipafél. Ísl.	1. stm. laun á mán. kr. 580,00,	2. stm. 450,00,	3. stm. 335,00
Minna kaup á varðsk. eftir 12 ára þjón-			
ustu en hjá Eimskipafél. Ísl. . .	1. stm. kr. 106,00,	2. stm. 104,00,	3. stm. 27,00

Varðskipin	1. vstj. laun á mán. kr. 524,00,	2. vstj. 423,00,	3. vstj. 346,00
Eimskipafél. Ísl.	1. vstj. laun á mán. kr. 709,00,	2. vstj. 548,00,	3. vstj. 436,00
Minna kaup á varðsk. eftir 12 ára þjón-			
ustu en hjá Eimskipafél. Ísl. . .	1. vstj. kr. 185,00,	2. vstj. 125,00,	3. vstj. 90,00

Við athugun þessa á kaupinu, ásamt því ef önnur kjör þessara yfirmanna eru athuguð og borin saman, þá kemur í ljós, að yfirmenn í þjónustu hins íslenska ríkis á varðskipunum eru verst launaðir allra yfirmanna hér á landi. Oss virðist ekki, að hægt sé að benda á nokkuð það, er réttlætt geti mismun sem þennan, og viljum vér eindregið vona, að háttvirt Alþingi sjái sér fært að bæta úr þessu á einhvern hátt nú þegar, þó það aðeins gæti orðið til bráðabirgða, þannig að reglulegt Alþingi mætti svo ganga endanlega frá kjörum þessara manna, sem vér trúum að muni verða, ef fullrar sannsýni og hagsýni er gætt.

Það hlýtur að vera hinu háa Alþingi áhugamál, að á varðskipum ríkisins verði á hverjum tíma úrvalsmenn. En það má því aðeins verða, að kjörin á varðskipunum séu ekki lakari heldur en kjör á öðrum skipum, er svipuð eru, þótt

hinsvegar störfunum á varðskipunum fylgi að öllum jafnaði meiri hættu heldur en á hinum.

Virðingarfyllt.

Reykjavík, 18. nóvember 1933.

F. h. Stýrimannafélags Íslands
Jón Axel Pétursson.

F. h. Vélstjórafélags Íslands
Þorsteinn Árnason.

Til Alþingis.“

Kaup fullgildra háseta og kyndara er samkv. gildandi lögum í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins. Virðist eðlilegast, að sama gildi um aðra skipverja.